

66. kirkjuþing 2024-2025

18. mál – þskj. 18a

T I L L A G A
til þingsályktunar um sölu fasteignar.

Flm. Árni Helgason, Arna Grétarsdóttir, Einar Már Sigurðarson,
Rúnar Vilhjálmsson og Þuríður Björg W. Árnadóttir.

Kirkjuþing 2024-25 samþykkir að heimila sölu fasteignarinnar Kópnesbraut 17,
510 Hólmavík, F2128778, enda fáist viðunandi verð fyrir.

Greinargerð.

Tillaga þessi er lögð fram af stjórn Þjóðkirkjunnar og felur í sér tillögu að heimild til sölu ofangreindrar eignar. Fasteignin er í dag ekki nýtt sem prestbústaður heldur er hún leigð út á almennum markaði. Þess skal getið að færri en 500 manns búa á Hólmavík og ætti því að vera prestbústaður á staðnum samkvæmt fasteignastefnu Þjóðkirkjunnar. Hins vegar er staðan sú að núverandi prestur kýs að búa í eigin húsnaði þannig að eignin er í almennri útleigu, eins og áður segir, kominn er tími á kostnaðarsamt viðhald á eigninni og það er óþarflega stórt eða um 280 m². Í ljósi þess telur stjórn skynsamlegast að eignin verði seld og ef breytingar verða sem kalla eftir því að presti verði lagt til húsnaði verður brugðist við því með kaupum á annarri og hentugri eign.